

Endurhverf verðbréfakaup fyrir 26,7 milljarða króna

Í samræmi við reglur um viðskipti Seðlabanka Íslands við lánastofnanir fór fram uppboð á endurhverfum verðbréfasamningum í dag, þriðjudaginn 21. október. Samningstíminn er 14 dagar, en þá hverfa verðbréfin til fyrri eigenda á ný.

Notuð var fastverðsaðferð og bauðst Seðlabankinn til að kaupa verðbréf á ávöxtunarkröfunni 5,3%. Engin fjárhæðarmörk voru í uppboðinu. Samtals bárust tilboð að fjárhæð 26,7 milljarðar króna en á innlausn voru 22,6 milljarðar króna. Næsta uppboð er fyrirhugað 28. október n.k.

Línuritið sýnir stöðu samninga um endurhverf viðskipti Seðlabankans á grundvelli reglubundinna uppboða. Auk þeirra á Seðlabankinn viðskipti við ríki og lánastofnanir sem einnig hafa áhrif á lausafármeyndun.

Nánari upplýsingar veitir Tómas Órn Kristinsson framkvæmdastjóri peningamálasviðs í síma 569-9664.

Fréttir Seðlabanka Íslands eru birtar á heimasíðu bankans um leið og þær eru gefnar út (<http://www.sedlabanki.is>).

Endurhverf verðbréfakaup Seðlabankans 2003 Vikuleg uppboð

